

BORGARRÁÐ 22. júní 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfsmannamál þjónustu- og nýsköpunarsviðs – MSS23060143

Í ljósi þess að mannauðsstjóri þjónustu og nýsköpunarsviðs hætti fyrir nokkru síðan, óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um hversu margt starfsfólk sviðsins hefur hætt sjálfviljugt eða verið sagt upp undanfarin 5 ár. Einnig er farið fram á upplýsingar hvort um beinar uppsagnir hafi verið að ræða eða fólki gefinn kostur á því að segja upp sjálft. Spurt er jafnframt um hvaða störf er þarna um að ræða. Vitað er að einnig hafi verið skipt um fjármálastjóra oft en einu sinni á umbeðnum tímabili. Hversu margir starfsmenn hafa verið ráðnir inn til sviðsins undanfarin 5 ár og í hvaða störf.